

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skagafirði.

Byggðarráð Skagafjarðar, í umboði sveitarstjórnar, samþykkti á 57. fundi sínum 31. júlí 2023 fimm tillögur að deiliskipulagi í Skagafirði skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða voru unnar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035. Um er að ræða eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi Flæðigerðis – íþróttasvæðis hestamanna.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tók gildi með auglýsingu nr. 761/2022 í B-deild Stjórnartíðinda 27. júní 2022 og var áfangaskipt til samræmis við gildandi aðalskipulag. Vorið 2023 var gerð breyting á aðalskipulagi þar sem lagfærðar voru byggingarheimildir á svæðinu. Hér er því um að ræða breytingu á deiliskipulagi þar sem búið er að setja aftur inn áfanga 2, þ.e. heildarfyrirkomulag svæðisins sem var upphaflega auglýst haustið 2021, breytt vorið 2022 og endurauglýst sumarið 2023. Skipulagið er sett fram á skipulagsuppdrætti og í greinargerð. Í skipulaginu eru skilgreindar samtals 54 lóðir það er hesthúsalóðir við Tjarnargerði og Flæðigerði, lóðir fyrir dýraspítala, dælustöð, reiðhallir, samkomuhús og reiðgerði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar við Sveinstún.

Í skipulaginu er skilgreind ný íbúðarbyggð með aðkomu frá Sæmundarhlíð. Gert er ráð fyrir 84 íbúðum á 38 lóðum fyrir einbýli, par-, rað- og fjölbýlishús. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdrætti og greinargerð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Sauðárkróskirkjugarðs.

Í skipulaginu eru settir fram skilmálar um framtíðar uppbyggingu kirkjugarðsins. Skilgreind eru ný greftrunarsvæði og byggingarreitir fyrir þjónustu- og áhaldahús, bænahús og samkomuhús. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdrætti með greinargerð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki.

Samhliða gerð deiliskipulags Sauðárkróskirkjugarðs er gerð breyting á gildandi deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki. Breytingin er sett fram á breytingaruppdrætti og felur í sér breytingu á suðvestur skipulagsmörkum en svæðið minnkar um 0,87 ha.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag skólasvæðis Varmahlíðar.

Í skipulaginu er skilgreind aðkoma, bílastæði, lóðarmörk og byggingarheimildir fyrir grunn- og leikskóla, íþróttahús, íþróttasvæði og menningarhús. Á lóð leik- og grunnskóla eru skilgreindir byggingarreitir fyrir viðbyggingar. Tillagan er sett fram á skipulagsuppdrætti með greinargerð og skýringaruppdrætti.

Nr. 1006

25. september 2023

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 25. september 2023.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. september 2023